



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI ÍSLANDS OG FORSETAFRÚ HEIMSÆKJA GRÆNLAND

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og frú Eliza Reid halda í formlega heimsókn til Nuuk í dag, 23. september, í boði Kim Kielsen, forsætisráðherra Grænlands.

Á upphafsdegi heimsóknarinnar skoða forsetahjónin Þjóðminjasafn Grænlands og sækja að því loknu móttöku sem Þorbjörn Jónsson aðalræðismaður efnir til þeim til heiðurs en þar verða m.a. grænlenkir embættis- og stjórnámalamenn og fulltrúar fyrirtækja, sem átt hafa í samstarfi við íslensk fyrirtæki, auk Íslendinga sem búsettir eru í Nuuk.

Á morgun þriðjudag mun forseti eiga fund með forsætisráðherranum. Þá munu forsetahjón heimsækja Háskóla Grænlands og ræða þar við starfsmenn og nemendur og halda í þjóðþingið Inatsisartut þar sem forseti á fund með Vivian Motzfeldt þingforseta. Einnig mun forseti eiga fund með landstjóra Dana, Mikaela Engell, og sitja forsetahjónin svo hátíðarkvöldverð í boði forsætisráðherrans í Hans Egede húsinu.

Áður en heimsókninni lýkur á miðvikudaginn heimsækja forsetahjónin Miðstöð loftslagsrannsókna í Nuuk, Kofoeds skólann og Royal Arctic Line sjóflutningafyrirtækið og eiga einnig fund með borgarstjóranum í Nuuk, Charlotte Ludvigsen. Loks má nefna að forsetafrúin mun eiga fundi með Sara Olsvig, fv. ráðherra sem nú er verkefnisstjóri UNICEF, og með Aviâja Egede Lynge, umboðsmanni barna á Grænlandi.

23. september 2019

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).